



**ÞEKKINGARSETUR SUÐURNESJA**  
Suðurnes Science and Learning Center

## Meðferð persónuupplýsinga

### Trúnaður og þagnarskylda

Starfsfólk Þekkingarseturs Suðurnesja gætir trúnaðar við viðskiptavini sína og skjólstæðinga. Persónuupplýsingar eru einungis notaðar í málefnalegum tilgangi og takmarkast aðgengi að slíkum upplýsingum af því. Fyllstu varúðar er gætt hvar og hvenær sem málefni skjólstæðinga eru til umræðu. Lög nr. 90 27/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga auk siðareglna fagfélaga starfsfólks Þekkingarsetursins og samstarfsaðila gilda eftir því sem við á um persónuvernd, trúnað, þagnarskyldu, og varðveislu og eyðingu gagna.

### Áreiðanleiki

Starfsfólk Þekkingarsetursins gætir þess að upplýsingar sem það veitir séu réttar og eins nákvæmar og kostur er. Það fullyrðir ekki meira en vitneskja gefur tilefni til hverju sinni, heldur viðurkennir hvenær þekking þess er takmörkuð, aflar sér upplýsinga, eða vísar fyrirspurnum til viðeigandi aðila.

### Skráning

Námskeið: Upplýsingar um einstaklinga sem sækja námskeið og/eða fræðsluerindi hjá Þekkingarsetrinu, sem öll eru haldin í samstarfi við Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum (MSS), eru skráðar í það skráningarkerfi sem MSS notar hverju sinni og heyrir undir þeirra persónuverndarstefnu. Einnig eru persónuupplýsingar skráðar á eyðublöð sem síðar er eytt.

### Varðveisla og eyðing gagna

Trúnaðargögn og persónuupplýsingar eru varðveittar með tryggum hætti í tölvukerfi Þekkingarsetursins. Pappírsskjöl sem þarf að varðveita eru geymd í læstri hirslu. Aðgangur að persónugögnum er takmarkaður við þá starfsmenn sem sinna hverjum málaflokki.

Eyðing pappírsskjala sem innihalda persónuupplýsingar er skv. lögum nr. 90 27/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.

Ofangreint var staðfest af stjórn Þekkingarseturs Suðurnesja í febrúar 2026.